

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Af öllum húseignum og lóðum í lögsagnarumdæmi Neshrepps utan Ennis, sem virtar eru til fasteignamats og liggja við vegi og opin svæði, þar sem vatnsæðar eru skal gert að greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.15% af framreiknuðu gildandi fasteignamati eignarinnar hverju sinni. Vatnsskattur skal hlíta ákvæðum um minnsta gjald kr. 30.00 á hvern rúmmetra jafnt á atvinnu- sem íbúðarhúsnæði og hámarksgjald kr. 52.00 á rúmmetra. Af bílaþvottaplönunum skal greiða aukaskatt kr. 50 000.00 á ári. Þessi lágmarksgjöld svo og önnur gjöld skv. þessari gjaldskrá breytast í samræmi við fasteignamat.

2. gr.

Auk vatnsskatts samkv. 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt af húsum er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum. Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 25.00 fyrir hvern rúmmetra vatns. Fyrir önnur vatnsafnot en þau er að framan eru talin skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur skv. ákvörðun hreppsnefndar.

3. gr.

Gjald vegna vatnssölu til Landshafnarinnar í Rifi skal ákveðast samkvæmt sérstökum samningi milli hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis og hafnarnefndar Rifshafnar.

4. gr.

Allir, sem óska tengingar við dreifiæðar vatnsveitunnar greiði stofngjald, er sé kr. 20.00 á hvern rúmmetra húss af fyrstu 2 000 rúmmetrum og kr. 15.00 af því sem þau fer yfir.

5. gr.

Gjald fyrir uppsetningu mæla skal vera kr. 20 000.00 og leiga kr. 10 000.00 á ári fyrir hvern mæli.

6. gr.

Skylt er að greiða vatnsskatt af húseignum og mannvirkjum, sem eru í byggingu eftir ákvörðun hreppsnefndar enda þótt ekki liggi fyrir fasteignamat.

7. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri gjaldskrár fyrir vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

Félagsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.